

Fimmtudaginn 16. febrúar 1984.

Nr. 108/1982. **Hermann Björgvinsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Sveinbjörgu Haraldsdóttur

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1982. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 10.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hermann Björgvinsson, greiði stefndu, Sveinbjörgu Haraldsdóttur, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 7. apríl 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. mars sl., er höfðað af Sveinbjörgu Haraldsdóttur, Kjarrhólma 4 hér í bæ, nnr. 8693-1028, með stefnu, útgefinni 29. janúar 1982, á hendur Hermanni Björgvinssyni, Efstahjalla 9 hér í bæ, nnr. 4042-5993, til ógildingar dómsáttar, sem gerð var á bæjarþingi Kópavogs, mánudaginn 21. desember 1981 í bæjarþingsmálinu nr. 198/

1981: Hermann Björgvinsson gegn Sveinbjörgu Haraldsdóttur. Til réttargæslu er stefnt þeim Kristjáni Stefánssyni hdl., nnr. 5884-9677, með starfstofu að Ránargötu 13, og Eddu Ólafsdóttur hdl., nnr. 1671-6103, Hlyngerði 4, báðum í Reykjavík, en engar kröfur eru gerðar á hendur þeim.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að þola ógildingu dómsáttar þeirrar, sem getið er hér að framan og gerð var af þeim Kristjáni Stefánssyni hdl. og Eddu Ólafsdóttur hdl. í bæjarþingsmálinu nr. 198/1981: Hermann Björgvinsson gegn Sveinbjörgu Haraldsdóttur, en til vara er gerð sama krafa gegn greiðslu á kr. 25.000.00 með dráttarvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, fyrir hvern mánuð og byrjaðan mánuð frá 19. nóvember 1981 til greiðsludags og kostnaði að mati hins virðulega réttar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eftir mati hins virðulega réttar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins. Við munnlegan flutning málsins gerði réttargæslustefndi Kristján Stefánsson hdl. þær kröfur, að stefndu Eddu Sigrúnu Ólafsdóttur hdl. yrði gert að sæta réttarfarssektum fyrir að hafa uppi ósæmandi ummæli um fyrrgreindan lögmann á réttarskjali nr. 13, og vísaði lögmaðurinn til 5. tl. 188. gr. laga nr. 85/1936. Ennfremur gerir réttargæslustefndi Kristján Stefánsson hdl. þá kröfu, að sér verði dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda fyrir þarflausa málshöfðun, þar sem aðild hans að málinu væri tilhæfufala.

Af hálfu stefnda var gerð sú krafa, að málinu yrði vísað frá dómi, þar sem það heyrði ekki undir héraðsdóm, en með úrskurði, uppkveðnum 10. mars 1982, var frávísunarkröfu stefnda hrundið. Eigi þykja fram komnar neinar þær ástæður, er leiða ættu til frávísunar málsins ex-officio.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir, að stefnandi gaf út þrjá vixla, dagsetta 28. og 29. september og 17. október 1981, samþykkt af Hreini Línal og er hver að fjárhæð kr. 25.000.00, sem skyldu greiðast 28. október og 19. og 28. nóvember 1981. Vixlar þessir bera með sér, að þá beri að greiða í Landsbanka Íslands, en á víxli, útgefnum 17. október 1981, hefur verið strikað yfir orðin „Landsbanka Íslands“ og handskrifað þar fyrir ofan „Alþýðubankanum h.f.“ og á víxli útgefnum 28. nóvember s.á. hefur verið strikað yfir „Lands...“ í orðinu Landsbanka og þar fyrir ofan vélritað „Íðn“. Vixlar þessir voru eigi greiddir á tilgreindum gjalddögum, og höfðaði stefndi, Hermann Björgvinsson, mál til innheimtu skuldarinnar á hendur stefnanda, Sveinbjörgu Haraldsdóttur, með stefnu, útgefni 15. desember 1981, og var málið þingfest á bæjarþingi Kópavogs fimmtudaginn 17. desember 1981 sem mál nr. 198/1981. Á bæjarþingi Kópavogs mánudaginn 21. desember 1981 gerðu lögmenirnir Kristján Stefánsson hdl. og Edda Sigrún Ólafs-

dóttir hdl. sátt þá, sem nú er krafist ógildingar á, og er hún svohljóðandi:
 „Stefnda, Sveinbjörg Haraldsdóttir, Kjarrhólma 4, Kópavogi, lofar að greiða stefnanda Hermanní Björgvinssyni, Reykjavík, stefnufjárhæðina kr. 75.000.- með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 25.000.- frá 28. okt. 1981 til 19. 11. s. á., en af kr. 50.000.- frá þeim degi til 28. nóv. s.á. kr. 75.000.- frá þeim degi til greiðsludags, kr. 341.- í afsagnar- og stimpilkostnað og kr. 8.600.- í málskostnað.

Sáttina efnir stefnda Sveinbjörg þannig:

Með því að greiða stefnuupphæðina vextir og kostnað upp fyrir 1. febr. 1982.

Greiðslustaður er á lögmannsskrifstofu Kristjáns Stefánssonar hdl., Ránargötu 13, Reykjavík.

Sátt þessi er aðfararhæf.

Upplesið, staðfest.

Kristján Stefánsson (sign.)

Edda Sigrún Ólafsdóttir (sign.)

Sátt þannig gerð.

Bæjarþingi slitið,

Ólafur St. Sigurðsson (sign.)“

Stefnandi kom fyrir dóminn, og skýrði hún þá svo frá, að hún hefði fengið lögmanninn Eddu Sigrúnu Ólafsdóttur til þess að mæta fyrir sig við þingfestingu málsins. Ekki minntist stefnandi þess að hafa veitt lögmanninum umboð til þess að gera dómsátt í málinu. Kvaðst hún ekki hafa gefið lögmanninum heimild til að gera neitt, en það hafi komið til tals, að lögmaðurinn mundi mæta fyrir hennar hönd. Ekki kvaðst stefnandi hafa verið tilbúin til þess að gera neina samninga. Henni hafi ekki verið ljóst, að sátt hefði verið gerð í málinu, fyrr en sáttin var orðin aðfararhæf. Hún hefði falið lögmanninum að mæta við þingfestingu málsins og um annað hafi ekki verið rætt, hvorki fyrr né síðar. Ekki mundi hún, hvort hún hafi takmarkað umboð lögmannsins eða gefið henni fyriræli um að gera ekki dómsátt.

Stefndi kom fyrir dóminn og upplýsti, að breytingar þær, sem gerðar voru á tveim víxlanna varðandi greiðslustað, hefðu verið gerðar af starfsmönnum viðkomandi banka, eftir að þeir voru útgefnir og samþykktir.

Réttargæslustefnda, Edda Sigrún Ólafsdóttir, kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að stefnandi hefði falið henni að mæta á bæjarþingi Kópavogs þann 17. desember 1981 vegna stefnu, útg. 15. desember 1981, diskj. nr. 3. Lögmaðurinn hélt því ákveðið fram, að henni hefði ekki verið veitt umboð til að gangast undir þær skuldbindingar stefnanda, sem felast í margnefndri dómsátt, en vegna þess að lögmaður gagnaðilja neitaði að

veita frest í málinu og vegna þess að henni hafi sést yfir, að unnt hefði verið að koma að vörnum, er leitt gætu til sýknu, hafi hún talið hagstæðast fyrir skjólstæðing sinn, að málinu yrði lokið með dómsátt.

Hún hafi reynt að hafa samband við stefnanda á tímabilinu 17. - 21. desember sl., en stefnandi hafi þá ekki verið í bænum. Taldi lögmaðurinn, að hún gæti aflað umboðs eftir á, en það hafi ekki orðið af því. Við þingfestingu málsins þann 17. desember sl. hefði dómariinn spurt, hvort unnt væri að sætta málið, en hún þá lýst því yfir, að hún hefði ekki til þess umboð. Sáttin hafi síðan verið gerð án nokkurs samráðs við stefnanda. Ekki mundi lögmaðurinn, hver afstaða stefnanda var gagnvart sáttinni, þá er henni var kynnt efni hennar, en ekki mótmælti stefnandi sáttinni á þeim tíma.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að Edda Sigrún Ólafsdóttir hdl. hafi gert dómsátt þá, sem hér er um fjallað, án þess að hafa haft til þess umboð. Í málflutningsumboði, eins og það er tilgreint í 4. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, felist aðallega umboð til þess að flytja mál, en ekki til að gera samning. Til vara byggir stefnandi kröfur sínar á því, að vistun 2ja víxla, þeirra sem dómsátt er gerð vegna, hafi verið breytt, eftir að stefnandi gaf þá út og eftir að þeir voru komnir í banka og án hennar vitundar eða samþykkis. Því hafi þessir víxlar eigi verið réttilega afsagðir.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt II. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 væri stefnandi bundin við skuldbindingar þær, sem lögmaður hennar gekkst undir fyrir hennar hönd með gerð dómsáttarinnar á bæjarþingi Kópavogs þann 21. desember sl. Umboð lögmannsins hafi ekki verið takmarkað og hafi hún haft fulla heimild til ráðstöfunar á sakarefninu. Dómsáttin væri formlega gild, og er því mótmælt, að efnisvarnir víxillaga geti orðið grundvöllur að ógildingu sáttarinnar.

Niðurstöður.

Fram hefur komið í málinu, að stefnandi fól Eddu Sigrúnu Ólafsdóttur héraðsdómslögmanni að mæti fyrir sína hönd við þingfestingu víxilmálsins á bæjarþingi Kópavogs 17. desember sl. Því er haldið fram af stefnanda, að ekki hafi verið veitt sérstakt umboð til þess að gera í málinu dómsátt, enda styður framburður Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur þá fullyrðingu, og er þessu ómótmælt af hálfu stefnda. Þá verður ekki á það fallist með túlkun á 4. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, að lögmaðurinn hafi haft umboð samkvæmt stöðu sinni til ráðstöfunar á sakarefninu á þennan hátt.

Ber því að taka aðalkröfu stefnanda til greina, að ógilda beri dómsátt þá, sem varð með málsaðiljum í bæjarþingsmáli nr. 198/1981: Hermann Björgvinsson gegn Sveinbjörgu Haraldsdóttur.

Eigi þykja fyrir hendi fullnægjandi skilyrði til að beita réttarfarssektum, svo sem krafist er.

Með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Eigi verður séð, að réttargæslustefna á hendur Kristjáni Stefánssyni hdl. hafi verið tilefnislaus.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

D ó m s o r ð:

Dómsátt í bæjarþingsmáli nr. 198/1981: Hermann Björgvinsson gegn Sveinbjörgu Haraldsdóttur er ógild.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1984.

Nr. 75/1982. **Kristján Bogi Einarsson**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Helgu Friðfinnsdóttur

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1982. Útivistardómur gekk í því máli 1. mars s.á. Málinu var áfrýjað að nýju skv. heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 26. mars 1982.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að stefnda verði dæmd til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 295.000.00 krónur með hæstu dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 10. febrúar 1981 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi afsláttar af kaupverði að fjárhæð 150.000.00 krónur með vöxtum, eins og í aðalkröfu greinir.